

Upplýsingablað

Tilgangur

Þetta upplýsingablað veitir þér helstu upplýsingar um þessa tryggingu. Það er ekki ætlað fyrir markaðssetningu. Þessara upplýsinga er krafist samkvæmt lögum til að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan ávinning og tap sem fylgja þessari þjónustu og til að hjálpa þér að bera hana saman við aðrar þjónustur

Þjónusta

VPV Friheits-Rente (FR gjaldskrá)
(Frelsislífeyrir)

Veitandi: **VPV Lebensversicherungs-AG**
Mittlerer Pfad 19
70499 Stuttgart, Þýskalandi
www.vpv.de

Ábyrgur eftirlitsaðili:
Bundesanstalt für
Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin)
www.bafin.de

Til að fá nánari upplýsingar er hægt að hringja í
049 (0)7111/13 91 60 00

Útgáfa upplýsingablaðs 01.01.2018

Þú ert að fara að kaupa þér vöru sem er flókin og getur verið erfitt að skilja til fulls.

Hvernig þjónusta er þetta?

Gerð

VPV Friheits-Rente tryggingafjárfesting er frestuð einingatengd lífeyrstrygging með tryggðum bótum.

Markmið

Sumar af höfuðstólsfjárfestingunum eru gerðar með hlutabréfum innan VPV. Hlutabréf VPV þjóna þeim tilgangi að tryggja og fjármagna kröfur tryggingataka. Þau samanstanda aðallega af innlendum og erlendum verðbréfum með fastri ávöxtun, fasteignum, skuldaviðurkenningum og veðum. Að auki er hluta af höfuðstólinum fjárfest í VPV Wachstum varðveislusjóðnum og í evrópska Invesco Europa Core hlutafjárjóðnum. VPV Wachstum sjóðurinn gæti fjárfest í hlutabréfum, fjárfestingasjóðum, afleiðum, verðbréfum með fastri ávöxtun og peningamarkaðsgerningum. Invesco Europa Core sjóðurinn miðar að því að ná langtímaávöxtun á höfuðstól með því að fjárfesta í aðallega evrópskum hlutabréfum.

Samanlagt er höfuðstólsfjárfestingunni skipt mánaðarlega á milli sjóðanna og verðbréfanna samkvæmt stöðluðum útreikningum þannig að tryggðar greiðslur eru tryggðar og á sama tíma eru tækifæri til ávöxtunar nýtt með því að fjárfesta eins mikið og hægt er í sjóðunum. Ávöxtun af tryggingunni þinni fer eftir gróðabáttökunni og frammistöðu sjóðanna.

Markhópur almennra fjárfesta

Þjónustan hentar þeim sem óska eftir að byggja upp höfuðstól lífeyris fyrir eftirlaunaaldur yfir lengri tíma og sem vilja fá ævilangan lífeyri eða staka heildargreiðslu við upphaf lífeyrístímabilsins. Viðskiptavinurinn samþykkir ákveðnar sveiflur á samningstímabilinu sem gætu einnig orðið vegna notkunar á sjóðum. Viðskiptavinurinn treystir á tryggingar á forni tryggðs höfuðsjóðs við upphaf lífeyrisgreiðslna. Ef iðgjöld eru greidd samkvæmt áætlun samsvarar tryggður höfuðsjóður við samþykkt upphaf lífeyrisgreiðslna a.m.k. 93% af heildariðgjöldum sem voru greidd fyrir aðaltrygginguna, svo áhættan á tapi er lítil. Ekki er þörf á neinni þekkingu á fjármálamörkuðum eða reynslu af tryggingafjárfestingum og eða fjárfestingapökkum til að skilja þjónustuna.

Tryggingabætur og -kostnaður

Tryggingabæturnar samanstanda af ævilöngum bótum sem eru reiknaðar út samkvæmt útreikningum sem gilda við upphaf bótagreiðslna og upphæð höfuðsjóðsins á þeim tíma. Lífeyririnn er reiknaður út með að minnsta kosti tryggða lífeyrisþættinum sem var samþykktur þegar samningurinn var undirritaður. Hægt er að hækka lífeyrinn með ótryggðum bótum frá gróðabáttöku eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast. Þú getur valið á milli hefðbundinna greiðslna með tryggðu greiðslutímabili eða sveigjanlegum greiðslum sem byggjast á sjóðnum. Einnig er hægt að velja um að fá höfuðstólinn greiddan út þegar lífeyrisgreiðslur eiga að hefjast, í stað þess að fá reglulegar greiðslur. Ef hinn tryggði lætur lífið eru samþykktar bætur greiddar (sjá § 1 í almennum ákvæðum fyrir Friheits-Rente og § 1 í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri). Upphæðir fyrir þessar þjónustur má finna í hlutanum „Hverjar eru áhættur og hver er möguleg ávöxtun mín?“.

Fyrir útreikningana í þessu upplýsingablaði gerum við ráð fyrir því að hinn tryggði sé 37 ára, að tryggingin hefjist 01.01.2018 og að 30 árlegar** fjárfestingar að upphæð 1000 evrur séu gerðar. Í þessu dæmi er meðal árlegt iðgjald 1,11 evrur fyrir trygginguna. Árlegt tryggingaiðgjald er 0,11% af árlegri heildarfjárfestingu. Þetta þýðir að 998,89 evrur séu fjárfestar árlega að meðaltali. Árleg meðaláhrif frá iðgjöldum tryggingarinnar á ávöxtun fjárfestingar við lok þess biðtíma sem mælt er með er 0,01%. Þetta tekur með í reikninginn áhrifin frá bótabættinum sem samsvarar áætlðu gildi tryggingabótanna.

Tímalengd

Ráðlagður biðtími (seinkunartími) fyrir þessa þjónustu samsvarar tímanum upp að samþykktu upphafi lífeyrisgreiðslna (í þessu dæmi upp að 67 ára aldri). Fyrir útreikningana í þessu dæmi er ráðlagður biðtími 30 ár. Við getum sagt upp samningnum einhliða undir ákveðnum kringumstæðum ef tryggingataka eða hinn tryggði hefur brotið gegn forsamningsbundinni upplýsingaskyldu (sjá § 6 í almennum ákvæðum fyrir Friheits-Rente).

Merkt með gulu = dæmi

*) Texti á ekki við um stakt iðgjald **) Stakt iðgjald er listað hér í staðinn

Hver er áhættan og hver er möguleg ávöxtun mín?

Áhættuflokkur

1 **2** **3** **4** **5** **6** **7**

←.....→

Niedrigeres Risiko **Höheres Risiko**

Minni áhætta **Meiri áhætta**

Áhættuflokkurinn byggist á þeirri forsendu að biðtími þinn sé 30 ár. Ef þú tekur út fjárfestinguna snemma, gæti raunáhættan verið afar breytileg og þú gætir fengið minni ávöxtun til baka.

Heildaráhættuflokkurinn hjálpar þér að meta áhættuna sem fylgir þessari þjónustu miðað við aðrar þjónustur. Hann sýnir hversu miklar líkur eru á að þú tapir fé á þessari þjónustu vegna ákveðinnar markaðspróunar eða vegna þess að við getum ekki greitt þér. Við höfum flokkað þessa þjónustu í áhættuflokk **2** á skala frá 1 til 7, þar sem 2 samsvarar lágum áhættuflokki. Hættan á mögulegu tapi vegna frammistöðu í framtíðinni er flokkuð sem lág. Við óhagstæðar markaðsaðstæður er afar ólíklegt að greiðslugeta okkar til þín verði skert. Þú hefur rétt á að fá að minnsta kosti 95% af höfuðsjóði þínum endurgreiddan. Aðrar upphæðir og frekari ávöxtun fer eftir framtíðar markaðspróun og eru þess vegna óvissar. Hins vegar á þessi vernd gegn framtíðar markaðspróun ekki við ef þú

- tekur út lífeyri fyrir samþykktan upphafsdag lífeyrisgreiðslna, eða færir þann dag áfram.
- greiðir ekki iðgjöld á réttum tími eða frestar greiðslum of seint.
- biður um breytingar á samningum sem leiða af sér lækkun á tryggingunni.

Ávöxtunardæmi

Þessi tafla sýnir mögulega ávöxtun þína á næstu **30 árum** undir mismunandi kringumstæðum ef þú fjárfestir 1000 evrur á ári**. Dæmin sem koma hér fram sýna hvernig fjárfesting þín gæti þróast. Þú getur borið þau saman við dæmi fyrir aðrar þjónustur.

Fjárfesting 1000 evrur á ári**		(Ráðlagður biðtími)		
Tryggingariðgjald	1,11 evrur (fylgir með í viðhengi)			
Aðstæður		1 ár	15 ár	30 ár
Lifunardæmi				
Álagsdæmi	Mögulegur ávinningur þinn að frádregnum kostnaði	247 evrur	11.166 evrur	28.537 evrur
	Árleg meðalávöxtun	-75,37%	-3,79 %	-0,32%
Neikvæðar horfur	Mögulegur ávinningur þinn að frádregnum kostnaði	665 evrur	13.403 evrur	28.817 evrur
	Árleg meðalávöxtun	-33,51%	-1,42 %	-0,26%
Dæmi með miðlungshorfum	Mögulegur ávinningur þinn að frádregnum kostnaði	673 evrur	14.421 evrur	33.501 evrur
	Árleg meðalávöxtun	-32,74%	-0,49%	0,70%
Dæmi með jákvæðum horfum	Mögulegur ávinningur þinn að frádregnum kostnaði	715 evrur	21.728 evrur	79.217 evrur
	Árleg meðalávöxtun	-28,52%	4,50%	5,70 %
	Uppsöfnuð fjárfestingarupphæð*	1000 evrur	15.000 evrur	30.000 evrur
Dæmi um andlát				
Tryggður atburður	Mögulegur ávinningur bótaþega þinna að frádregnum kostnaði	1000 evrur	15.000 evrur	33.501 evrur
	Uppsafnað tryggingariðgjald*	0,16 evrur*	28,83 evrur*	33,18 evrur*

Dæmin sem eru sýnd hér samsvara áætlaðri framtíðarframmistöðu sem byggist á fyrri breytingum á upphæð þessarar fjárfestingar; þau gefa ekki nákvæma vísbendingu. Raunveruleg bótaupphæð sem þú færð í hendur fer eftir því hvernig markaðurinn þróast og hversu lengi þú átt trygginguna. Álagsdæmið sýnir mögulega greiðslu til þín við afar óstöðugar markaðsaðstæður og tekur ekki með í reikninginn þann möguleika að við getum ekki framkvæmt greiðsluna. Tölurnar sem koma fram innifela allan kostnað við þjónustuna sjálfa ásamt þóknun fyrir ráðgjafa þinn eða sölumann.

Merkt með gulu = dæmi

*) Texti á ekki við um stakt iðgjald **) Stakt iðgjald er listað hér í staðinn

Ofangreindar tölur taka ekki með í reikning persónulegar skattaaðstæður þínar, sem hafa líka áhrif á hversu mikið þú færð greitt.

Hvað kemur fyrir ef VPV getur ekki greitt?

Til er lögboðinn öryggissjóður (§§ 221 og áfram í tryggingalögum) sem er settur upp hjá Protektor Lebensversicherungs-AG. VPV Lebensversicherungs-AG er meðlimur í öryggissjóðnum. Sjóðurinn verndar kröfur tryggingataka, hinna tryggðu, bótaþega og annarra sem eiga hagsmuni í tryggingasamningnum. Eftirlitsstofnunin getur lækkað samningstrygðar bætur um 5% að hámarki.

Hvaða kostnaður er innifalinn?

Frádráttur frá ávöxtun (Reduction in Yield – RIY) sýnir hvernig heildarkostnaður þinn hefur áhrif á ávöxtunina sem þú gætir fengið af fjárfestingu þinni. Heildarkostnaðurinn felur í sér stakan kostnað, rekstrar- og viðbótarkostnað. Upphæðirnar sem eru sýndar hér samsvara uppsöfnuðum kostnaði við þjónustuna yfir þrens konar tímabil. Þær innifela allar samningsbundnar refsingar fyrir að draga sig fyrir úr samningnum. Upphæðirnar sem eru sýndar byggja á þeirri forsendu að þú fjárfestir 1000 evrur á ári**. Upphæðirnar eru áætlaðar og gætu breyst í framtíðinni.

Kostnaður yfir tíma

Fjárfesting 1000 evrur á ári** Aðstæður	Ef þú leysir inn eftir 1 ár	Ef þú leysir inn eftir 15 ár	Ef þú leysir inn eftir 30 ár
Heildarkostnaður	353 evrur	3.869 evrur	10.839 evrur
Frádráttur frá ávöxtun á ári (RIY)	35,84%	3,59 %	2,40 %

Einstaklingurinn sem selur þér þjónustuna eða ráðleggur þér um hana gæti rúkað þig um annan kostnað.

Ef svo er mun sá einstaklingur láta þig vita af þeim kostnaði og sýna þér hvernig allur kostnaðurinn mun hafa áhrif á áætlun þína yfir tímann.

Samsetning kostnaðar

Taflan hér fyrir ofan sýnir:

- hvernig mismunandi kostnaður hefur áhrif á árlega ávöxtun fjárfestingarinnar sem þú gætir fengið við lok ráðlagðs biðtíma;
- hvað felst í mismunandi kostnaðarpáttum.

Þessi tafla sýnir áhrif á ávöxtun fyrir hvert ár			
Stakur kostnaður	Upphafsgjöld:	0,18%	Áhrif kostnaðarinnar eru þegar innifalinn í verðinu. Kostnaðurinn fyrir dreifingu á þjónustu þinni er innifalinn.
	Lokagjöld	0,00%	Áhrif af kostnaði sem fellur á ef þú dregur þig út úr fjárfestingu þinni á biðtíma hennar.
Rekstrarkostnaður	Kostnaður vegna eignasafnsfærslna	0,28%	Áhrif af kostnaði sem fellur á okkur við kaup og sölu undirliggjandi eigna fyrir þjónustuna.
	Annar rekstrarkostnaður		Áhrif af kostnaði sem við rúkkum þig um fyrir fjárfestingastjórnun og kostnað sem er lýst í hluta II.

Hversu lengi ætti ég að eiga fjárfestinguna og hvenær get ég tekið út fé fyrirfram?

Ráðlagður biðtími: 30 ár

Þú getur dregið samningsyfirlýsingu þína til baka innan 30 daga, sjá einnig upplýsingar í §§ 1 og 2 VVG-InfoV. Þú getur fundið frekari upplýsingar í uppsagnarstefnunni sem þú færð með tryggingarstefnunni. Tryggingarfjárfestingar sem sjá fyrir lífeyri á formi ævilangra greiðslna eru stilltar fyrir fjárfestingarmarkmið fyrir upphaf lífeyrisins. Af þessari ástæðu sýnir þetta upplýsingablað fjárfestinguna með biðtíma fram að upphafi lífeyris. Fyrir 37 ára einstakling er ráðlagður biðtími 30 ár. Þú getur sagt upp tryggingunni þinni hvenær sem er fyrir lífeyristímabilið við lok tryggingatímabils. Þú munt þá fá endurkaupsupphæðina greidda fyrir þennan tímamark, að frádrögnum uppsagnargjaldinu. Hægt er að finna nánari upplýsingar í § 19 í almennum ákvæðum fyrir Freiheits-Rente. Ef samningi er sagt upp fyrir samþykkt upphaf lífeyris er tryggingin lægri heldur en við lok ráðlagðs biðtíma þannig að það er meiri hættu á tapi og áhættuflokkurinn gæti verið hærri. Að auki gæti meiri kostnaður verið lagður á. Þetta má finna í hlutanum „Hvað kostnaður er innifalinn?“.

Hvernig get ég lagt fram kvörtun?

Ef þú vilt leggja fram kvörtun varðandi þjónustuna, umboðsaðilann eða tryggingafyrirtækið, geturðu hringt í þjónustulínu okkar í síma 0049(0)711/13 91 60 00. Einnig geturðu sent inn kvörtun í gegnum vefsíðu okkar, www.vpv.de/basisinfo, í bréfpósti (VPV Lebensversicherungs-AG, Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Þýskalandi) eða í tölvupósti á info@vpv.de.

Aðrar hagnýtar upplýsingar

Þú getur fundið aðrar hagnýtar upplýsingar í persónulega tilboðinu sem við getum undirbúið fyrir þig með ánægju. Fyrir eða við undirritun samningsins munt þú fá mikilvægar upplýsingar sem þú átt lagalegan rétt á í eftirfarandi skjölum: Tryggingastefnu, upplýsingar samkvæmt VVG-InfoV, almennum neytendaupplýsingum, almennum tryggingaskilmálum, skattaupplýsingum. Einnig er hægt að nálgast frekari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.vpv.de/basisinfo.

Merkt með gulu = dæmi

*) Texti á ekki við um stakt iðgjald **) Stakt iðgjald er listað hér í staðinn